

Siglingastofnun Íslands  
Sigurður Sigurðarson  
Vesturvör 2  
200 Kópavogur

2002030051  
8200; 9310

Reykjavík, 24. apríl 2002  
/ÞFP

**Efni: Sjóvarnir frá Kaðlastöðum að Hraunsá Sveitarfélaginu Árborg. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 21. mars 2002 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhuguð sjóvörn frá Kaðlastöðum að Hraunsá, Sveitarfélaginu Árborg, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 10h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Árborgar, Fornleifaverndar ríkisins og Náttúruverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá Sveitarfélaginu Árborg með bréfi dags. 11. apríl 2002, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 27 mars 2002 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 5. apríl 2002. Svör bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 19. apríl 2002.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

Í fram lögðum gögnum kemur fram að um er að ræða um 850 m langa sjóvörn frá Kaðlastöðum að Hraunsá auk 100 m langra varna austan og vestan við Hraunsárós í Sveitarfélaginu Árborg. Styrkja þurfi varnargarða sitt hvoru megin við Hraunsá og þrengja opið til að minnka innrennsli. Ennfremur þurfi að byggja sjóvörn ofan á og framan við gamla sjógarðinn til að draga úr hættu á yfirrennsli og hindra að sjórinn brjóti skarð í garðinn. Um sé að ræða flóðavörn fyrir Stokkseyri því annars ætti sjórinn greiða leið inn í byggðina um Löngudæl. Áætluð efnispörf er um 17.750 m<sup>3</sup>. Fram kemur að undanfarin ár hafa sjóvarnir í Árborg verið boðnar út án þess að verkkaupi útvegi námurétt, en bent hefur verið á opna grjótnámu í landi Hrauns í Ölfusi. Fram kemur að fjörur við Eyrarbakka og Stokkseyri eru á náttúruminjasrá og verður tekið tillit til þess við framkvæmdir. Bent er á að sjóvarnaáætlun 2001-2004 geri ráð fyrir sjóvörn við gamla Hraunsárós vestan við þá framkvæmd sem hér er fjallað um. Þar sé gamall handhlaðinn sjóvarnargarður sem hugmyndin er að varðveita að innanverðu sem menningarminjar.

**ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA**

Í umsögn Sveitarfélagsins Árborgar kemur fram að ekki sé talin ástæða til að framkvæmdin verði háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði muni ekki vera aðrar minjar en leifar sjógarða. Ljóst sé að leifar gamalla sjóvarnargarða við Stokkseyri og Eyrarbakka hafi mikið menningarsögulegt gildi. Fornleifavernd ríkisins telur ekki nauðsynlegt að framkvæmdin verði háð mati á umhverfisáhrifum en leggur áherslu á að fullt samráð verði haft við stofnunina um framkvæmdina.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins er bent á að um sé að ræða styrkingu og viðbót við eldri sjóvörn. Framkvæmdin sé ofan fjörunnar sem sé á náttúruminjaskrá og því ekki ástæða til að ætla að fjörunni verði raskað. Framkvæmdin sé því ekki þess eðlis að hún hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Leita beri umsagnar stofnunarinnar skv. 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd áður en framkvæmdir hefjast.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að haft verði samráð við Fornleifavernd ríkisins og Náttúruvernd ríkisins um framkvæmdina.

#### **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða 850 m langa sjóvörn frá Kaðlastöðum að Hraunsá auk 100 m langra varna austan og vestan við Hraunsárós í Sveitarfélaginu Árborg. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10h í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fyrirhuguð framkvæmd er endurbygging á sjóvörnum, tekur til takmarkaðs svæðis ofan fjöru og mun ekki hafa verulegt rask í för með sér. Skipulagsstofnun minnir á nauðsyn þess að haft verði samráð við Fornleifavernd ríkisins og Náttúruvernd ríkisins vegna framkvæmdanna.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að sjóvörn frá Kaðlastöðum að Hraunsá, Sveitarfélaginu Árborg, sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdarleyfi sveitarstjórnar samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Sjóvörnin er í samræmi við fyrirhugaða sjóvörn í Aðalskipulagi Stokkseyrar 1996-2016 sem staðfest var 7. október 1996 og deiliskipulag af hluta svæðisins. Bent er á að ekkert skipulag er í gildi á efnistökusvæðinu í landi Hrauns.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 27. maí 2002.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Þóroddur F Þóroddsson

Afrit. Umhverfissráðuneytið, sveitarfélagið Árborg, Fornleifavernd ríkisins og Náttúruvernd ríkisins